

Fuglalíf í Þerney á Kollafriði

Ólafur Einarsson

Unnið fyrir Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar

NÍ 97-019

Reykjavík, nóvember 1997



1 INNGANGUR

Perney er ein fimm eyja á Kollafirði og er fuglalíf eyjarinnar allvel þekkt. Þorvaldur Björnsson athugaði fuglalíf í Perney á árunum 1970 til 1973 (Þorvaldur Björnsson 1980). Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar kemur fram að 16 fuglategundir urpu í eyinni árið 1984. Það var svipaður fjöldi og í Engey en í Viðey fundust aðeins fleiri tegundir í varpi þetta ár, alls 23, enda er búsvæði fjölbreyttara þar en í öðrum eyjum á Kollafirði (Ævar Petersen 1985). Fjöldi sílamáfa í varpi í Perney var kannaður sérstaklega af Veidistjóraembættinu sumarið 1990 (Páli Hersteinsson o.fl. 1990).

Prettán árum eftir að starfsmenn Náttúrufræðistofnunar heimsóttu fyrst Perney til að rannsaka fuglalíf, var hún aftur heimsótt í júní 1997. Áður hafði borist munnleg beiðni frá garðyrkjustjóra Reykjavíkur, þann 16. maí 1997, um að fuglalíf yrði athugað með sérstakri áherslu á æðarvarp. Beiðnin var til komin vegna hugmynda um að nýta hluta Perneyjar sem beitiland fyrir dýr úr Húsdýragarðinum frá vori og fram á haust. Fram að því höfðu dýrin einungis verið í eyinni eftir varptíma æðarfugls en æðarvarp hefur einnig verið nytjað í eyinni.

2 AÐFERÐIR

Þann 9. júní 1997 heimsóttu Perney tveir starfsmenn Náttúrufræðistofnunar þau Ólafur Einarsson og María Harðardóttir ásamt Ólafi Torfasyni fuglaáhugamanni og fuglamerkingarmanni. Haraldur Sigurðsson, sem hefur eyna á leigu og sinnir þar æðarvarpi, ferjaði mannskapinn yfir í eyna.

Gengið var skipulega um eyna, öll hreiður sem fundust voru skráð á loftmynd af eyinni. Loftmyndin var frá Landmælingum Íslands í mælikvarðanum 1:2000. Aðrir fuglar sem sáust í eyinni og voru ekki með hreiður voru einnig skráðir. Athuganir stóðu yfir mest allan daginn frá morgni til kvölds.

3 ATHUGUNARSVÆÐI

Perney er 0,4 km² að stærð og er að heita má algróin. Eyjan er víða grösug og var grasvöxtur sums staðar kominn vel af stað og af meiri krafti en í landi. Tveir kofar eru í eyinni og er annar þeirra nýttur sem íverustaður þess sem nýtir æðarvarpið en hinn til að þurrka dún. Hluti eyjarinnar er votlendur og þar eru tvær tjarnir, sem nefndar eru Suðurtjörn og Vesturtjörn, og mýri sem ræst hefur verið fram með litlum skurði (1. mynd). Norðurhluti eyjarinnar er meginhluta til grasmói og þar er hæsti hluti Perneyjar sem er um 20 metra yfir sjávarmáli.

4 NIÐURSTÖÐUR

Mikið fuglalíf er í Perney og eru æðarfugl og sílamáfur nú mest áberandi. Alls sáust 15 fuglategundir á meðan dvalist var í eyinni, þar af reyndust tíu vera í varpi (1. tafla). Fýll flaug hjá en hann verpur ekki í Perney. Ekki fundust hreiður eða ungar hjá fjórum fuglategundum, en hins vegar létu fuglarnir þannig að líklegt má telja að þeir hafi verið með egg eða unga. Ein tegund, óðinshani, er talinn með sem varpfugl þó að þeir tveir fuglar sem sáust hafi ekki látið varplega. Í eyinni er búsvæði fyrir óðinshana, bæði

tjarnir og mýrlendi. Óðinshani sást einnig í eygni árið 1984 og var hann þá talinn vera líklegur varpfugl (Ævar Petersen 1985).

1. tafla. Fuglalíf í Perney

Tegund	Varpfuglar		
	Öruggir	Líklegir	Ekki í varpi
Fýll (<i>Fulmarus glacialis</i>)			x
Grágæs (<i>Anser anser</i>)	x		
Stökkönd (<i>Anas platyrhynchos</i>)	x		
Æður (<i>Somateria mollissima</i>)	x		
Tjaldur (<i>Haematopus ostralegus</i>)	x		
Heiðlóa (<i>Pluvialis apricaria</i>)	x		
Lóuþræll (<i>Calidris alpina</i>)	x		
Hrossagaukur (<i>Gallinago gallinago</i>)	x		
Spói (<i>Numenius phaeopus</i>)		x	
Stelkur (<i>Tringa totanus</i>)		x	
Óðinshani (<i>Phalaropus lobatus</i>)		x	
Sílamáfur (<i>Larus fuscus</i>)	x		
Svarþakur (<i>Larus marinus</i>)	x		
Þúfuttlingur (<i>Anthus pratensis</i>)	x		
Mariuerla (<i>Motacilla alba</i>)		x	
Alls	10	4	1

4.1 Varpfuglar

Alls fundust 673 hreiður í eygni sem er lágmarks tala enda má gera ráð fyrir að ekki hafi fundist öll hreiður, þrátt fyrir að gengið væri skipulega um eyna alla. Æður var algengasti fuglinn og fundust 604 æðarhreiður (2. tafla). Þau voru dreifð um alla eyna.

2. tafla. Fjöldi varppara í Perney 1997

Tegund	Fjöldi		Alls
	Hreiður	Þör í varpi*	
Grágæs (<i>Anser anser</i>)	2	0	2
Stökkönd (<i>Anas platyrhynchos</i>)	2	0	2
Æður (<i>Somateria mollissima</i>)	604	0	604
Tjaldur (<i>Haematopus ostralegus</i>)	1	2	3
Heiðlóa (<i>Pluvialis apricaria</i>)	1	0	1
Lóuþræll (<i>Calidris alpina</i>)	1	1	2
Hrossagaukur (<i>Gallinago gallinago</i>)	1	3	4
Spói (<i>Numenius phaeopus</i>)	0	4	4
Stelkur (<i>Tringa totanus</i>)	0	5	5
Óðinshani (<i>Phalaropus lobatus</i>)	0	1	1
Sílamáfur (<i>Larus fuscus</i>)	51	0	51
Svarþakur (<i>Larus marinus</i>)	8	0	8
Þúfuttlingur (<i>Anthus pratensis</i>)	2	4	6
Mariuerla (<i>Motacilla alba</i>)	0	1	1
Alls	673	21	694

* Þör sem voru í varpi samkvæmt atferli til viðbótar við þau sem voru með hreiður.

Þéttleiki þeirra var þó áberandi mestur á nokkrum stöðum, sérstaklega á þremur litlum svæðum, á litlum tanga austast í eygni (31 hreiður), milli sjávar og Suðurtjarnar (15 hreiður) og við norðurenda Vesturtjarnar (um 20 hreiður). Þéttleiki hreiðra var einnig

töluverður á nokkuð stóru svæði suður af Vesturtjörn (um 60 hreiður) og í hallanum ofan við og út frá kofunum (um 60 hreiður).

Alls fundust 50 hreiður sílamáfa og voru þau flest á nyrðri hluta eyjarinnar. Einungis voru átta svartbakspör skráð í varpi, öll í norðurhlutanum, þar sem eyjan er hæst (2. tafla og 1. mynd).

Af öðrum fuglum bar mest á ýmsum tegundum mófugla og voru þeir flestir verpandi á norðurhluta eyjarinnar. Ekki fannst neitt stelkshreiður en samkvæmt atferli voru a.m.k. fimm varppör í nágrenni við kofana. Tvö þúfutittlingshreiður fundust og líklega voru fjögur önnur pör með hreiður. Eitt hrossagaukshreiður fannst og voru þrjú varpleg pör til viðbótar. Fjögur spóapör virtust verpa í eygni. Eitt lóuprælhreiður fannst og annað þar var greinilega með hreiður. Eitt heiðlóuhreiður fannst (2. tafla).

Tvö grágæsarhreiður fundust og var útleitt úr öðru þeirra en í hinu voru fimm ungar. Eitt stökkandarhreiður með eggjum fannst og einnig einn dauður stökkandarungi sem bendir til annars hreiðurs. Eitt tjaldshreiður var skráð en alls voru þrjú varppör í eygni. Maríuerla gaf frá sér aðvörunarhljóð og varp hún líklega einhvers staðar í eða við kofana (2. tafla). Maríuerla hefur ekki verið skráð áður sem varpfugl í Þerney (3. tafla).

Tafla 3. Varpfuglar í Þerney, samanburður á athugunum*

Tegund	Ár		
	1970-73	1984	1997
Grágæs (<i>Anser anser</i>)	-	+	+
Stökkönd (<i>Anas platyrhynchos</i>)	(+)	+	+
Gargönd (<i>Anas strepera</i>)	-	(+)	-
Skúfönd (<i>Aythya fuligula</i>)	-	(+)	-
Æður (<i>Somateria mollissima</i>)	+	+	+
Tjaldur (<i>Haematopus ostralegus</i>)	+	+	+
Sandlóa (<i>Charadrius hiaticula</i>)	+	-	-
Heiðlóa (<i>Pluvialis apricaria</i>)	+	-	+
Lóupræll (<i>Calidris alpina</i>)	-	+	+
Hrossagaukur (<i>Gallinago gallinago</i>)	+	+	+
Spói (<i>Numenius phaeopus</i>)	+	+	+
Jaðrakan (<i>Limosa limosa</i>)	-	+	-
Stelkur (<i>Tringa totanus</i>)	+	+	+
Óðinshani (<i>Phalaropus lobatus</i>)	-	(+)	(+)
Sílamáfur (<i>Larus fuscus</i>)	+	+	+
Svarthakur (<i>Larus marinus</i>)	+	+	+
Hettumáfur (<i>Larus ridibundus</i>)	+	+	-
Kría (<i>Sterna paradisaea</i>)	+	+	-
Teista (<i>Cephus grylle</i>)	+	-	-
Steindepill (<i>Oenanthe oenanthe</i>)	+	-	-
Þúfutittlingur (<i>Anthus pratensis</i>)	+	-	+
Maríuerla (<i>Motacilla alba</i>)	-	-	+
Snjótittlingur (<i>Plectrophenax nivalis</i>)	+	-	-
Alls	16	16	14

* (+) líklegur varpfugl.

Alls hafa nú verið skráðar 23 varptegundir sem hafa orpið í Þerney. Sjö tegundir (30%) hafa fundist verpandi í þau þrjú skipti sem fuglalífið hefur sérstaklega verið kannað (3. tafla).

5 UMRÆÐA

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað á fuglalífi Þerneyjar á undanförunum árum. Æðarvarp hefur vaxið um helming, frá um 300 hreiðrum 1984 upp í rúmlega 600 hreiður árið 1997. Máfavarp hefur hinsvegar minnkað mikið og hettumáfur verpur ekki lengur í eygni. Svartbak hefur fækkað úr 75-100 varppörum niður í 25 varppör árið 1990 og í einungis átta varppör árið 1997. Árið 1984 var áætlað að 200-250 pör sílamáfa yrpu í eygni en 1990 voru þau 309. Talning 1991 leiddi í ljós að sú tala var of há og að 200 pör væri nær lagi (Arnór Þ. Sigfússon munnl. uppl.). Árið 1997 hafði sílamáfspörum hins vegar fækkað niður í um 50 varppör.

Fækkun máfa má vafalaust rekja til þess að herjað hefur verið á þá í eygni. Bæði er skotið á máfa og egg tekin eða eyðilögð. Eitthvað af máfum hefur vafalaust flutt sig í annað varpland þar sem meiri friður ríkir. Fækkun svartbaks gæti tengst fækkun þeirra á landsvísu. Benda má á að sambýli æðarfugls og máfa getur gengið áfallalaust eins og sést á Bessastaðanesi, þar sem er stórt æðarvarp yfir 3000 hreiður og einnig sílamáfavarp um 870 hreiður (Ævar Petersen og Árni Davíðsson 1994).

Kría, önnur tegund af máfaætt, hefur einnig horfið úr Þerney. Ekki er ljóst hvers vegna, en kríuvarpið í eygni var lítið, einungis 10-20 pör 1984. Kría á það til að flytja sig um set, jafnvel geta stór vörp komið og farið (Kristinn H. Skarphéðinsson & Ólafur Einarsson 1989). Það þarf því ekki að koma á óvart þó að kríuvarp hverfi. Minkur (*Mustela vison*) gæti reyndar hafa haft áhrif á varp kríu og hettumáfs í Þerney. Samkvæmt upplýsingum Haraldar Sigurðssonar var minkur í eygni en frá árinu 1986 hefur verið leitað skipulega að mink í eygni og hann unninn.

Heildarstofn æðarfugls á Innnesjum hefur verið áætlaður um 5.000 varppör (Ævar Petersen 1985) en á landsvísu um 250.000 varppör (Kristinn H. Skarphéðinsson 1994). Æður er algengasti varpfuglinn í Þerney og varpið þar með þeim stærri á Innnesjum. Við mat á mikilvægi svæða fyrir fugla skiptir þó ekki einungis máli fjöldi varpfugla heldur einnig fjöldi þeirra miðað við stofnstærð í landinu. Í Þerney fundust reyndar engir sjaldgæfir íslenskir varpfuglar.

Æðarfuglar velja sér helst varpstað þar sem truflun manna og afræningja er lítil og gróður skýlir hreiðri (Laurila 1989). Hérlandis eru hreiðurstæði æðarfuglsins fjölbreytt, allt frá malarkömbum og snöggu graslendi yfir í melgresi og annan gróður sem veitir skjól. Algengt er að kollurnar verpi í skjóli milli þúfna og steina eða við einhvers konar mishæðir (Eysteinn G. Gíslason 1984). Þerney er grösug, víða þýfð og sums staðar malarkambar í fjörum. Lítil umferð manna er í eygni, minkur er unninn þar og ætti hún því að henta vel sem varpland fyrir æðarfugl.

Í Þerney er víðast hvar ágætis beitiland fyrir búfenað og þess voru greinileg merki þegar eyjan var heimsótt í byrjun júní. Þerney hefur verið notuð sem beitiland fyrir dýr úr Húsdýragarðinum. Ljóst er að beit búfenaðar og æðarvarp fer ekki vel saman, þó að vísu hljóti það að fara eftir tegund og fjölda búfjár. Eysteinn G. Gíslason (1984) bendir á að ekki sé æskilegt að búfé sé í æðarvarpi að vori, hóflegur umgangur sé líklega í lagi ef æðarfuglinn er vanur honum, en óþarfa mannaferðir óæskilegar.

Æðarkollur eru tryggar heimkynnum sínum og koma þær í varp á eða nærri uppeldisstöðvum sínum (Swennen 1990), og sumar verpa í sama hreiðrið ár eftir ár (Grenquist 1965, Eysteinn G. Gíslason 1984). Æðarkollur geta flutt sig milli svæða ef þær verða fyrir truflun og varpskilyrði eru fyrir hendi í nágrenninu. Þær verpa síður í beittu eða snöggu graslendi. Ef beit verður leyfð yfir varptímann í Þerney er líklegt að

varpdreifing æðarfugls breytist. Kollurnar munu því líklega flytja sig til þangað sem umferð dýra er minni t.d. til Viðeyjar eða Andríðseyjar.

Hér á eftir eru settar fram nokkrar hugmyndir í sambandi við æðarvarp og aðra nýtingu Þerneyjar:

- Engin beit og eyjan yrði friðland fugla, æðarfugls sem og annarra. Dýrum frá Húsdýragarðinum yrði því fundinn annar samastaður.
- Húsdýr yrðu einungis í eygni eftir lok varptíma æðarfugls, sem er svipað fyrirkomulag og verið hefur undanfarin ár, þ.e. um og eftir 20. júní.
- Girt væri af ákveðið svæði fyrir dýr úr Húsdýragarðinum. Gæta þarf þess að ekki verði um ofbeit að ræða og nóg rými sé fyrir varpland og búfé. Í kjölfarið má búast við því að æðarvarp þéttist á þeim hluta eyjarinnar sem yrði friðaður.
- Rannsaka má áhrif beitar á fuglalíf. Með því að kortleggja varp t.d. tveimur árum eftir að beit hefur verið leyfð á varptíma og bera saman við niðurstöður frá 1997. Með merkingum er hægt að sjá hvað verður um kollur sem eiga hreiðurstað á þeim hluta eyjarinnar sem beit yrði leyfð á. Jafnframt því væri nauðsynlegt að leita að merktum æðarkollum í nágrannavörpum.
- Hætta að skjóta máfa enda engin vissa fyrir því að þeir standi æðarvarpi fyrir þrifum. Færri endur sáust í eygni 1997 en áður þegar máfar voru mun algengari og má hugsanlega rekja þá breytingu til ófriðar sem leiðir af skotmennsku á máfum.
- Moka ofan í skurðinn sem ræsir fram mýrina til þess að koma henni aftur í fyrra horf.

6 ÞAKKIR

María Harðardóttir, Ólafur Torfason og Haraldur Sigurðsson aðstoðuðu við talningar á hreiðrum í eygni og kann ég þeim hinar bestu þakkir fyrir. Þökk sé Haraldi fyrir að ferja mannskapinn yfir í eyju og til baka, ásamt því að skjóta skjólshúsi yfir athugendur þegar á þurfti að halda. Hans H. Hansen útbjó kort og Ævar Petersen las yfir handrit og eiga þeir hinar bestu þakkir skyldar.

7 HEIMILDIR

Eysteinn G. Gíslason 1984. Æðarvarp og dúntekja. Búnaðarfélag Íslands. Fræðslurit nr. 5. 56 bls.

Grenquist, P. 1965. Changes in abundance of some duck and seabird populations off the coast of Finland, 1949-1963. Finn. Game Res. No. 28. 114 bls.


Kristinn H. Skarphéðinsson 1994. Tjón af völdum arna í æðarvörpum. Skýrsla unnin af Náttúrufræðistofnun fyrir Umhverfissráðuneytið. 120 bls.

Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989. Fuglalíf á sunnanverðum Reykjanesskaga. Í: Náttúrufar á sunnanverðum Reykjanesskaga. Náttúrufræðistofnun Íslands. Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum. 85 bls.

- Laurila, T. 1989. Nest site selection in the Common Eider (*Somateria mollissima*): differences between the archipelago zones. *Ornis Fennica* 66: 100-111.
- Páll Hersteinsson, Arnór P. Sigfússon og Þorvaldur Björnsson 1990. Varpstofn sílamáfs og tilraunaveiðar á máfum á Suðvesturlandi árið 1990. Sérít Veiðistjóraembættisins nr. 1. 20 bls.
- Swennen, C. 1990. Dispersal and migratory movements of Eiders (*Somateria mollissima*) breeding in the Netherlands. *Ornis Scand.* 2: 17-27.
- Þorvaldur Björnsson 1980. Fuglalíf í Viðey, Engey, Akurey o. fl. stöðum. Óbirt skýrsla á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Ævar Petersen 1985. Dýralíf Innesja. Í: Innes, náttúrufar, minjar og landnýting. Náttúrufræðistofnun Íslands og Staðarvalsnefnd. 103 bls.
- Ævar Petersen og Árni Davíðsson 1992. Fuglalíf Bessastaða og nágrennis. Óbirt skýrsla fyrir Bessastaðanefnd. 65 bls.

Skýringar:

-  Kofar
-  Graslendi
-  Mýri
-  Urð
-  Tjarnir
-  Skurður



1. mynd

